

823. fundur

Árið 2026, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 13. maí, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Jónína Magnúsdóttir, Björn Sæbjörnsson, Ásrún Kristinsdóttir, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Jónína Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

1. *Fundargerð Vorfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.*
Lagt fram.
2. *Fundargerðir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja*
 - a. *Fundargerð nr. 38, dags. 28.04.2026*
 - b. *Fundargerð nr. 39, dags. 04.05.2026*Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja úthlutaði að þessu sinni 32 m.kr. til 33 verkefna. Alls sóttu 41 verkefni um styrki að upphæð kr. 54.379.750,-
3. *Umsögn landshlutasamtakanna um tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna til ársins 2030, 579. mál.*
Lagt fram.
4. *Málefni heilbrigðisnefnda – framhald frá síðasta fundi.*
Framkvæmdastjóra var falið að óska eftir upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga á síðasta fundi stjórnar. Svör bárust í tölvupósti frá Sambandinu og eru þau lögð fram.
5. *Málefni Fjölbrotaskóla Suðurnesja.*
Stjórnin ræddi málefni skólans.
6. *Umsögn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum um drög að hvítbók um byggðamál.*
Uppfærð umsögn lögð fram.
7. *Samanburður á fjármögnun og álagi – skýrsla Farsældarráðs Suðurnesja.*
Greining Farsældarráðs Suðurnesja bar saman fjármögnun þjónustu við börn úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og þjónustuþarfir barna á þremur svæðum:

Suðurnesjum, Suðurlandi og Norðausturlandi. Þarfir eru metnar með tveimur sjálfstæðum mælingum.

Lykilniðurstaða: Samkvæmt greiningunni eru Suðurnes landshlutinn með mestu þjónustuparfirnar (þarfavísitala 1,48–1,63x yfir landsmeðaltali, sbr. næmnigreiningu kafla 2.2) en lægstu framlögin til barnþjónustu (1,17x per barn). Hærrí framlög til dreifðari svæða eru eðlileg vegna rekstrarkostnaðar; misvægi sem hér er mælt snýr eingöngu að þriðju stoð kerfisins, jöfnun þjónustuparfa. Fyrir hverjar 100 krónur sem þarfir kalla á fá Suðurnes aðeins 72–79 krónur í framlög, á meðan Suðurland fær 131 kr. og Norðausturland 192 kr.

Orsök: Jöfnunarsjóður sinnir tveimur hlutverkum vel, tekjufjöfnun og landfræðilegri útgjaldajöfnun, en nær ekki að sinna þriðja hlutverki sínu nægilega vel, jöfnun þjónustuparfa. Aðeins 12% heildarframlaga byggja á þarfamiðuðum forsendum. Það er undir alþjóðlegum viðmiðum: í Hollandi, Noregi, Danmörku og Finnlandi er þarfamiðuður þáttur innbyggður í meginkerfi fjármögnunar.

Misvægi skýrist af samsetningu nemendahópsins (31% í tvítyngdu umhverfi) og af útgjaldastuðli sem leggur megináherslu á landfræðilegar og rekstrarlegar forsendur. Næmnigreiningar staðfesta að niðurstaðan er stöðug óháð vægi breyta og studd af þremur sjálfstæðum úttektum (Ríkisendurskoðun 2008, þingsvari mennta- og menningarmálaráðherra 2020–21, European Agency 2017).

Tillögur: (1) Bæta þarfabreytum í útgjaldastuðul jöfnunarsjóðs, (2) auka vægi farsældarframlaga úr 4% í 8–10% barnatengdra framlaga, (3) uppfæra gagnabreytur farsældarviðmiða og byggja á rauntímagögnum, (4) innleiða árlega þarfagreiningu, og (5) hækka þarfamiðuð framlög. Aðlögunartímabil laga nr. 56/2025 um Jöfnunarsjóð er gott tækifæri til að endurstilla úthlutunina hvað þessa þætti varðar.

Stjórn S.S.S. lýsir yfir ánægju með vel unna skýrslu og mun stjórn óska eftir fundi með ráðherra málaflokksins og fulltrúum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að kynna þeim innihald skýrslunnar.

8. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:50.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Jónína Magnúsdóttir

Ásrún Kristinsdóttir

Björn Sæbjörnsson

Berglind Kristinsdóttir